

Sæl

Með þessu bréfi legg ég fram deiliskipulag Vísindagarða Háskóla Íslands í samkeppni um skipulagsverðlaun 2012.

Að okkar mati markar þetta deiliskipulag nokkur tímamót í gerð deiliskipulags og er allrar athygli vert af ýmsum orsökum.

1. Um þetta deiliskipulag gildir eins og flest deiliskipulög: Mörkuð er stefna til langrar framtíðar, og þetta er stór ákvörðum um mikla framtíðarbyggð á Háskólasvæðinu. Um er að ræða byggð fyrir háskólastarfsemi, fyrirtæki og stofnanir auk íbúða.
2. Vinna við deiliskipulagið hefur staðið frá 2005 með nánu samtali Háskóla, fulltrúa atvinnulífs og skipulagsyfirvalda. Í stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands eru fulltrúar úr ýmsum geirum atvinnulífsins.
3. Með deiliskipulaginu er mörkuð stefna um ákveðið samstarf atvinnulífs og Háskóla.
4. Deiliskipulagið er mjög þröngt, þ.e. hönnuðum er skorinn þröngur stakkur hvað varðar form og útlit bygginga. Við sjáum fyrstu teikn þessa í tillögum að nýjum stúdentagörðum við Sæmundargötu. Þær gefa til kynna að þetta gæti heppnast!
5. Deiliskipulagið er eins konar „borgarskipulag“, þ.e. að gert er ráð fyrir húsum við götur.
6. Í deiliskipulaginu er gerð krafa um að fyrirtæki/stofnanir á svæðinu setji sér umhverfis- og samgöngustefnu, en það er nýjung, svipuð þeirri sem verið er að vinna með í deiliskipulagi Landspítalans. Hér er verið að móta stefnu sem gilda á um deiliskipulag Vatnsmýrarinnar sem heildar. Stefnunni er ætlað að standa vörð um þrjú megingildi; umhverfi, heilsu og borgarbrag.
7. Í deiliskipulaginu er sett þak á fjölda bílastæða og þau eru „aðeins“ eitt stæði á hverja 60 m<sup>2</sup> húsnæðis.
8. Þéttleikinn er töluverður, kannski eins og við viljum hafa hann í borg?
9. Byrjað er að byggja samkvæmt deiliskipulaginu. Haldin var samkeppni um hönnun og byggingu stúdentagarða og eru framkvæmdir komnar á fullt skrið.
10. .. og örugglega margt fleira!